

13. *Byggðasamlag um skíðasvæði*. Tvo aðalmenn og tvo til vara, sbr. samþykktir samlagsins.

10. gr.

Orðin í „sbr. lög nr. 38/1954“ í 2. másl. 1. mgr. 68. gr. samþykktarinnar falla brott.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum í maí 1998.

Félagsmálaráðuneytinu, 30. apríl 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar
og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 213/1987.**

1. gr.

62. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Þrír aðalfulltrúar úr bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Skóðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis og 14. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna.
4. *Þjóðhátíðarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Auk þess er heimilt að kveðja til fulltrúa félagasamtaka.
5. *Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi*. Þrír aðalfulltrúar og jafnmargir til vara.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Áfengisvarnarnefnd*. Sex aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
3. *Atvinnumálanefnd*. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum.
4. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
5. *Félagsmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Nefndin annast einnig þau störf sem barnaverndarnefnd eru falin skv. lögum um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992 og störf sem öldrunarnefnd eru falin skv. 5. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989.

6. *Hafnarstjórn*. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994, sbr. lög nr. 7/1996.
7. *Heilbrigðisnefnd*. Sveitarstjórnir á Vesturlandssvæði skulu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 11. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
8. *Umhverfismálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Umhverfismálanefnd fer með verkefni náttúruverndarnefndar skv. 10. gr. laga um náttúruvernd nr. 93/1996 og verkefni gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965. Enn fremur gerir nefndin tillögur til bæjarstjórnar um fegrun bæjarins.
9. *Fræðslunefnd*. Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar kýs sex aðalmenn og jafnmarga til vara, hreppsnefnd Helgafellssveitar tilnefnir einn aðalmann og einn til vara. Nefndin sinni verkefnum skólanefndar grunnskóla skv. 13. gr. laga nr. 66/1995 og leikskólanefndar skv. 9. gr. laga nr. 78/1994. Jafnframt fer nefndin með málefni framhaldsdeildar F.V.A. í Stykkishólmi.
10. *Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Stjórnir Lúðrasveitar og Tónlistarfélags skulu tilnefna sameiginlega einn fulltrúa.
11. *Safnanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 36/1997 um almenningubókasöfn. Safnanefnd fer með málefni allra safna sem starfrækt eru á vegum bæjarins nema annað sé sérstaklega tekið fram og gerir tillögur til bæjarstjórnar um uppbyggingu safna og rekstur.
12. *Stjórn lista- og menningarsjóds*. Tveir fulltrúar auk forseta bæjarstjórnar sem er formaður stjórnar samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins.
13. *Héraðsnefnd Snæfellinga*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. samþykktar um héraðsnefnd Snæfellinga.
14. *Húsnæðisnefnd*. Bæjarstjórn tilnefnir þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 39. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Tveir fulltrúar skulu tilnefndir af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu.
15. *Umferðarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. heimild í 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
16. *Landbúnaðarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni er lúta að búfjárhaldi. Nefndin gerir tillögu til bæjarstjórnar um einn búfjárestirlitsmann og annan til vara. Skal hann sjá um eftirlit samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 46/1991.
17. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
18. *Garðnefnd Hólmgarðs*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Kvenfélagið Hringurinn tilnefnir þar af tvo aðalmenn í nefndina. Starfssvið nefndarinnar er að hafa eftirlit og umsjón með Hólmgarði.
19. *Ferðamálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin vinnur að eflingu ferðamannaþjónustu og hefur umsjón og eftirlit með þeim verkefnum á sviði ferðamála, sem bæjarstjórn felur henni.
20. *Fulltrúi á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga*. Einn aðalmaður og einn til vara.
21. *Æskulýðsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur umsjón með æskulýðsstarfi á vegum bæjarins, þar á meðal rekstri æskulýðsmiðstöðvar.
22. *Íþróttanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur umsjón með íþróttastarfi á vegum bæjarins.
23. *Sögunefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Sögunefnd skal hafa umsjón og eftirlit með ritun sögu Stykkishólms.
24. *Jafnréttisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga nr. 28/1991.

25. *Fulltrúaráð F.V.A.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. samningi um Fjölbrautaskóla Vesturlands.
26. *Framkvæmdanefnd vegna ljósmyndasafns Jóhanns Rafnssonar.* Tveir fulltrúar af hálfu Stykkishólmsbæjar og fulltrúi Jóhanns Rafnssonar eða afkomenda hans skv. skilmálum í afhendingarbréfi Jóhanns Rafnssonar, dags. 16. júní 1996.
- C. Í aðrar nefndir sem stofnaðar kunna að verða.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum í maí 1998. Við gildistöku samþykktar þessarar fellur úr gildi samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 429/1990.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. apríl 1998.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Seyðisfjarðarkaupstað.

Hundahald.

1. gr.

Hundahald í Seyðisfjarðarkaupstað sætir þeim takmörkunum sem samþykkt þessi kveður á um.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem lögheimili eiga í bænum, í vissum tilvikum leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu kaupstaðarins og þar fær eigandi hundsins afhenta númeraða plötu sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið skal vera samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin er af bæjarstjórn og staðfest af umhverfisráðherra. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Gjaldið skal í fyrsta sinn greitt við skráningu hunds og síðan árlega fyrirfram 1. febrúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi. Dragist lengur en tvo mánuði að skrá hund, á skrifstofu sveitarfélagsins, skal heimilt að innheimta tvöfalt skráningargjald.
- Bæjarsjóður ábyrgðartryggir alla skráða hunda sem greitt er leyfisgjald af. Þeir hundaeigendur sem undanþegnir eru leyfisgjaldi samkvæmt stafl. f) þessarar greinar, ábyrgðartryggja hunda sína hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Þeir skulu og greiða sveitarsjóði útlagðan kostnað vegna hundahreinsunar. Við hundahreinsun skulu hundaeigendur sem falla undir stafl. f) leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu sem sýnir að trygging sé í fullu gildi.